



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Love love, peace peace

Undirliggjandi pólitísk forsenda Ísraels í Eurovision

Halldór Ívar Stefánsson

**Lokaverkefni til BA-prófs
Listaháskóli Íslands
Sviðslistadeild
Vorönn 2025**

Love love, peace peace

Undirliggjandi pólitísk forsenda Ísraels í Eurovision

Halldór Ívar Stefánsson

Lokaverkefni til BA-prófs í Sviðshöfundanám

Leiðbeinandi: Hjalti Vigfússon

Sviðshöfundanám

Sviðslistadeild

Vorönn 2025

Ritgerð þessi er 6 ECTS eininga lokaverkefni til BA-prófs í sviðshöfundanámi við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Á síðastliðnum tveimur árum hefur þátttaka Ísraels í Eurovision verið fremur umdeild og mætti segja að ímynd Eurovision sé um þessar mundir að hrynja. Skortur á skýrri afstöðu EBU þegar kemur að hvað má og hvað má ekki og möguleg mismunun milli þjóða hefur búið til skrítið andrúmsloft í kringum keppnina. Með nýjustu reglugerðum keppinnar mætti segja að orðspor Eurovision sem hinseginvæn hátíð sé ekki eins rétt og við höldum og mögulega er þátttaka Ísraels frekar í forgangi.

Í þessari ritgerð verður notast við hugmyndafræði fræðikonunnar Jasbir Puar um hinsegin þjóðernishyggju, einnig verður hugtakið bleikþvottur skoðað sem var fyrst notað til að lýsa aðferðum Ísraels til að auglýsa sig sem hinseginvæna þjóð í von um að fela aðgerðir þeirra gegn Palestínufólki. Leitað verður að tengingum úr þeim fræðum við Ísraelska Eurovision sögu. Með núverandi skekkju á ákvarðanatökum EBU í huga verður skoðað hvort að Eurovision hefur hingað til staðið við orð sín um að vera ópólitísk keppni og farið verður í uppruna ímyndar hennar sem hinseginvæna hátíð. Rýnt verður í stöðu keppinnar í dag eftir umdeildar ákvarðanir EBU þegar kemur að þátttöku Ísraels í Eurovision í samanburði við banni Rússlands árið 2022 og hvort að þátttaka Ísraels eigi einhverja undirliggjandi pólitíska forsendu. Í ritgerðinni er sýnt fram á hvernig þátttaka Ísraels fer gegn meintum grunngildum keppninar, og einnig hvernig keppnin hefur sett meint gildi sín til hliðar til að forðast þess að vísa Ísrael á dyr sama hversu háværar raddirnar eru sem biðja um það.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
1. Hinseginleiki sem pólitískt tól	2
1.1 Hinsegin þjóðernishyggja	2
1.2 Bleikþvottur	4
2. Pólitík í Eurovision.....	7
2.1 Pólitík.....	7
2.2 Hinseginleikinn í Eurovision	9
2.3 Ísrael í Eurovision	11
3. Ísrael í dag.....	14
3.1 Ísrael 2018	14
3.2 Ísrael 2024	15
3.3 Hver eru viðbrögðin við þessu?	16
Lokaorð	20
Heimildaskrá.....	21

Inngangur

Frá árinu 1956 hefur Samband Evrópskra sjónvarpsstöðva, sem hér eftir verður ávörpuð sem „EBU,“ haldið uppá árlega söngvakeppni sem kölluð er Söngvakeppni Evrópskra Sjónvarpsstöðva, sem hér eftir verður ávörpuð sem „Eurovision“. Eurovision á sér langa sögu og hefur tekið mörgum breytingum í gegnum árin. Þegar borin er saman fyrsta keppnin og nýlegasta keppnin árið 2025 má sjá margar breytingar, þar á meðal hafa bæst við tugir af nýjum þátttökupjóðum, kvöldin eru orðin þrjú í staðin fyrir eitt; og hægt er að næla sér í stig bæði frá dómnefnd hvernar þjóðar og símakosningar út um allan heim. Keppnin hefur notið mikilla vinsælda frá fæðingu hennar og er í dag sérstaklega vinsæl meðal hinsegin fólks.

Markmið Eurovision keppninar er að geta haldið upp á ópólitíska hátíð þar sem Evrópuþjóðir koma saman og sýna hvoru öðru hæfileikaríkt tónlistarfólk sitt. Í gegnum árin hefur keppnin þó tekið þeirri umbreytingu að tónlist er ekki aðalatriðið, heldur flutningurinn á hverju lagi. Því mætti segja að í dag sé Eurovision ákveðin sviðslistahátíð sem leggur grunn sinn í tónlist. Þrátt fyrir nafnið eru ekki einungis þjóðir innan Evrópu sem keppa ár hvert, þó mikill meirihluti sé það. Í einu tilfelli má nefna Ísrael, sem tekið hefur þátt síðan snemma á áttunda áratug tuttugustu aldar. Þátttaka Ísraels í keppninni hefur vakið upp spurningar bæði út frá því að vera ekki í raun og veru Evrópuþjóð, en einnig út frá aðgerðum þeirra gagnvart nágrönnum sínum í Mið-Austurlöndum.

Í þessari ritgerð verður skoðað hvernig greina má pólitík í þátttöku og atriðum Ísraels í Eurovision, notast verður við greiningu fræðikonunnar Jasbir Puar á Hinsegin þjóðernishyggju og einnig verður skoðað hugmyndafræðina bleikþvott sem hefur beina tengingu að hernaðaraðgerðum Ísraelska hersins og auglýsingaherferð þjóðarinnar. Skoðað verður hvort Eurovision sé í raun og veru ópólitísk keppni og einnig hvernig keppnin varð eins hinseginvæn og hún virðist vera. Rýnt verður sérstaklega í fjölmörg framlög Ísraels og velt verður fyrir sér hvort að ímynd Eurovision sé mögulega komin með sprungur eða hvort að keppnin hafi alltaf verið rótgróin í pólitík. Þegar fjallað er um keppni sem lifað hefur í sjötíu ár er erfitt að greina hana í þaula í einni ritgerð, því er tiltekin ritgerð að vissu leyti aðeins að snerta á yfirborð keppninnar og þátttöku Ísraels í henni.

1. Hinseginleiki sem pólitískt tól

1.1 Hinsegin þjóðernishyggja

Hinsegin Þjóðernishyggja (e. *homonationalism*) er fræðilegt hugtak sem búið var til af bandarísku fræðikonunni Jasbir Puar. Samkvæmt Puar er hægt að skilgreina hinsegin þjóðernishyggju sem aðferð til að ýta undir þá ímynd að í tiltekinni þjóð ríki jafnrétti fyrir hinsegin fólki. Aðallega er það sjáanlegt í vestrænum ríkjum, þar sem gefin eru nægilega mikil réttindi til þess að búa til þá glansmynd að allt sé frábært í hinum vestræna heimi, annað en í öðrum hlutum heimsins. Með þessum aðskilnaði er byggð upp sú hugmynd að hinsegin fólki sé undir eins konar verndarvæng í vestræna heiminum. Með því að byggja upp þessa mynd þarf að skýra frá hverjum það er sem verið er að vernda hinsegin fólki fyrir, og aðallega er svarið mið-austurlöndin, en þó er einnig hægt að sjá þessa taktík notaða til að aðskilja Vestur Evrópu frá Austur Evrópu og Rússlandi frá restinni af Evrópu.¹

Helsta dæmi sem hægt er að finna snýst að viðhorfi Vesturlanda til Mið-austurlanda, og þá séstaklega Palestínu. Þegar þjóðir eins og Palestína og Líbanon verða fyrir árásum eru ein helstu rök fyrir réttlætingu þess sú að framkoma þeirra og afstaða gagnvart hinseginfólki sé ekki í takt við nútímann. Þegar flóttafólk reynir síðan að leita sér skjóls eru þau máluð upp sem ofbeldisfull og hinseginfóbísk skrímsli. Með þessum aðferðum er ekki einungis verið að aðskilja vestrænar þjóðir frá austrænum; heldur einnig er verið að gera greinarmun á hinsegin fólki eftir húðlit og þjóðerni. Umræðan snýst sjaldan um hinsegin fólkið frá þessum tilteknu svæðum, heldur eru þau sett í sama hóp og landar sínir.

Hægt er að sjá þetta í þátttöku söngvarans Bashar Murad, í Söngvakeppninni 2024, þar sem Palestínskt þjóðerni Murad trompaði samkynhneigð hans þegar kom að umræðum um hans þátttöku. Keppnin hætti því að snúast um lögin og fór að snúast um mikilvægi þess að Íslendingur taki þátt fyrir Íslands hönd.² Vert er að taka fram að Murad er ekki fyrsti keppandinn í Söngvakeppninni til að vera af öðru þjóðerni, því mætti álykta að umræðan hafi einungis myndast á þeim skala sem hún gerði í tilviki Bashar Murad vegna þess að það vill svo til að hann er frá Palestínu.

¹ Catherine Baker, „The ‘Gay Olympics’? The Eurovision Song Contest and the Politics of LGBT/European Belonging,” 24. Júlí, 2016: bls 100 sótt 1. Apríl 2025 á <https://doi.org/10.1177/1354066116633278>.

² E. höfundur, „Bashar segist hafa lesið nær öll ummælin sem skrifuð hafa verið um hann“ *DV*, 8. Mars 2024, sótt 19 Maí 2025 á <https://www.dv.is/fokus/2024/03/08/bashar-segist-hafa-lesid-naer-oll-ummaelin-sem-skrifud-hafa-verid-um-hann/>.

Puar segir að rót hinsegin þjóðernishyggjunnar komi til vegna aukins haturs í garð Islamstrúaðra eftir að flogið var á tvíburaturnanna í New York 11. September 2001.³ Viðbrögð almennings um allan heim fóru í að reyna að endurbyggja samfélög sín. Þjóðernishyggja í vestrinu reis á miklum hraða og lagðar voru fleiri áherslur á að passa upp á að hörmung af þessu tagi gerist aldrei aftur. Afleiðing hryðjuverkaárásinnar leiddi til þess sem kallað er „The war on terror“ sem var lýst sem áætlun til að berjast gegn hryðjuverkamönnum í þjóðum í Mið-Austurlöndum eins og Afganistan og Írak. Hinsvegar var hópurinn sem rætt var um sem óvininn ekki hryðjuverkasamtök, heldur Islamstrúar og fólk af dökkri hörund.⁴

Með því að beina spjótunum í áttina að Mið-Austurlöndum tekst að mála svæðið upp sem samansafn af þjóðum fullum af ofbeldismönnum og þar sem Islamstrú er helguð af miklum meirihluta á svæðinu er trúin einnig sett upp sem hættulegur lífsstíll og ekki sé hægt að treysta fólki sem helgar sig þeirri trú. Ofbeldi og fordómar gagnvart þessum hópum jukust stuttu eftir 11. September 2001 og enn í dag er almennt viðhorf hins vestræna heims gagnvart Mið-Austurlöndum sú að ekkert gott komi út úr því að hafa þetta fólk hjá okkur.⁵

Markmiðið er því ekki að veita hinsegin fólki almenn réttindi; heldur að skipta þeim upp í hópa: „góða“ hinsegin fólkið, og „vonda“ hinsegin fólkið. Með því að búa til þá hugmynd að Vesturheimurinn eigi sér sameiginlegan óvin, og á sama tíma mála sjálf sig upp sem framfarasinnar þegar kemur að baráttu hinsegin fólks, myndast sú hugmynd að óvinurinn hati hinsegin fólk. Hér er ekki tekið til greina þeir einstaklingar eins og Murad sem eru hinsegin og ekki hvít, heldur eru þeir einstaklingar taldir með í mengi Mið-Austurlandanna og með því eru þau stimpluð „vont“ hinsegin fólk.

Hægt er að sjá herferðina Brand Israel takast á við þetta verkefni með því að breyta ímynd Ísraels yfir í eftirsóttarverðann ferðamannastað. Markmið Brand Israel herferðinnar snýr að því að byggja Ísrael upp sem hinseginvæna þjóð og með notkun borgarinnar Tel Aviv má sjá þónokkrar tilraunir sem hafa heppnast misvel í gegnum árin.⁶ Þá má nefna fyrrnendar atlögur Ísraels til að gera Pride í Ísrael að túristavænni hátíð. Markmið Brand Israel snýst um að stilla Ísrael upp sem nútímalega og fágaða þjóð, hinseginleikinn er því notaður sem ummerki um ástand hverra þjóða. Ef þjóð er hinseginvæn að utanverðu sýnir

³ Jasbir K. Puar, *Terrorist Assemblages: Homonationalism in Queer Times* (Duke University Press, 2007). Bls 15.

⁴ Sama heimild Bls 15

⁵ Sama heimild Bls 38

⁶ Jasbir Puar, „Israel’s Gay Propaganda War,” *The Guardian*, 1. Júlí, 2010, sótt 10. Maí 2025 á <https://www.theguardian.com/commentisfree/2010/jul/01/israels-gay-propaganda-war>.

hún fram á að hún sé í takt við tímann og mikilvægast af öllu, lýðræðisleg þjóð. Það má því sjá tengingu á hvernig við flokkum fyrsta heims og þriðja heims ríki og hversu opnar þjóðirnar eru fyrir hinseginleikanum, fyrsta heims þjóðir virðast taka þátt í baráttunni á meðan þriðja heims ríki eru stimpluð sem hættusvæði fyrir hinsegin fólki.⁷

Þessi hugmyndafræði sést vel í upprifjun Puar frá 2006 þegar alþjóðasamtökin InterPride skipulögðu hátíðina World Pride í Jerúsalem. Fyrir Ísrael var mjög gott að geta haldið World Pride hjá sér til þess að styrkja hugmyndinna um að Ísrael sé opin þjóð sem leyfir öllum að koma og vera til eins og þau eru og má sjá það í slagorði hátíðarinnar: „Love without borders“.⁸ Ákvörðun InterPride var ekki vinsæl meðal allra og mynduðust háværar raddir sem stóðu á móti henni. Grundvöllur mótstöðunnar var sú að hátíð sem á að vera opin fyrir öll getur ekki átt sér stað í Jerúsalem, þar sem hinsegin Palestínumenn og hinsegin fólki frá Norður Afríku og Mið-Austurlöndum er ekki óhætt að vera þar. Því væri verið að mynda aðstæður þar sem þátttakendur á hátíðinni eru að gefa skýr skilaboð um að þegar heimurinn fagnar hinseginleikanum saman, eru hinsegin Palestínumenn og aðrar Arabískar þjóðir ekki hluti af því.⁹

1.2 Bleikþvottur

Bleikþvottur er hugtak sem fyrst notað hefur verið til að lýsa aðferð Ísraels til að nota hinsegin málefni með því markmiði að betrubæta ímynd þeirra útávið. Markmiðið snýst ekki um að hjálpa hinsegin málskostnað að einlægni heldur að nota hinseginleikann sem hulu sem breitt er yfir umdeildar framkvæmdir þjóðar eða fyrirtækis. Hugtakið er þó einnig notað til að benda á hvernig aðgerðir vestrænna ríkja fara á skjön við málskostnaðinn sem þau segjast berjast fyrir. Til að mynda er hægt að sjá fyrirtæki stunda þetta óspart þegar líða fer að Pride mánuði hvers árs; þar sem fyrirtæki umbreyta útliti sínu til að höfða til hinsegin fólks, merki fyrirtækja verða húðuð regnbogalitum, sér álmur í verslunum með pride varningi og auglýsingastef sem notast við hinsegin slangur sem sölutrikk. Þegar mánuðinum lýkur umbreytast fyrirtækin aftur í sitt gamla útlit. Þrátt fyrir að mikilvægt sé að stuðningur og fleiri raddir bætist í hópinn fyrir jafnréttisbaráttu hinsegin fólks þá er innihaldsleysi þjóða og fyrirtækja varðandi málstaðinn berskjaldandi þegar við sviptum hulunni.¹⁰

⁷ Sama heimild

⁸ „Quit Palestine,“ World Pride – QUIT, 2025, <https://quitpalestine.org/world-pride/>.

⁹ Puar, *Terrorist Assemblages: Homonationalism in Queer Times* Bls 16

¹⁰ Gerardo Bandera, „Corporate Pinkwashing: How Did We Get Here and What to Do about It,“ *Fair Planet*, 28. Maí, 2024, sótt 10. Maí 2025 á <https://www.fairplanet.org/story/how-to-combat-corporate-pinkwashing-in-pride-month/>.

Bleikþvottur sem fræðilegt hugtak var upphaflega notað til þess að lýsa aðferðum Ísraelsríkis til þess að byggja ímynd sína upp sem hinseginvæna þjóð, með því að auglýsa sig sem nauðsynlegan áfangastað fyrir hinsegin ferðafólk. Þá má sjá notkun borgarinnar Tel Aviv sem hinsegin áfangastað sem einskonar hulu.

„Tel Aviv is known internationally as one of the most gay-friendly cities in the world, welcoming gay tourists with open arms, and also offering a safe refuge for those from the LGBTQ community of surrounding countries in the region“¹¹

Á hverju ári auglýsir Ísraelska ríkið Pride ferðapakka til Tel Aviv þar sem gestir geta fylgst með pride göngunni sem endar á strandpartý um kvöldið, hægt er að kaupa sérstaka ferðapakka sem taka þig í túr um landið til þess að skoða hinsegin flórana sem hægt er að finna í Ísrael. Tel Aviv er notað sem sérstakt merki fyrir hinseginleikann og má sjá það í eigin tölum Ísraels að um fjórðungur þeirra sem búa í borginni skilgreini sig sem hinsegin, sem er um 100.000 manns. Þrátt fyrir að standa sig með prýði í að auglýsa sig að þessu tagi er þá vert að taka fram að enn í dag er hjónabandsvígsla samkynhneigðra ekki leyfileg í landinu, en með því að bera sig saman við nágrannaþjóðir í mið-austurlöndum reyna þau að sjá til þess að viðhorf ferðamannsins einblínist ekki á það sem vantar upp á í Ísrael, heldur hversu langt komin þau eru miðað við hina. Með því að byggja upp Tel Aviv sem einskonar regnboga borg er Ísrael að sjá til þess að búa til nógu stóra glansmynd sem skín yfir raunveruleika þess að til að reisa þessa borg þurfti að útrýma annarri. Við getum því séð vant með farið orðaval Ísraels þegar þau reyna að upphefja sig.¹²

Þá má einnig sjá hvernig þau tala um Ísraelska herinn sem hinseginvænann her sem leyfir öllu fólki, burtséð frá kyni eða kynhneigð að ganga í herinn. Orðaval þeirra reynir að fegra raunveruleika þess að í Ísrael er herskylda og með því að hafna herskyldu bíði manns fangelsisvist. En með því að mála herskyldu sína upp með þeim skilaboðum að hver einasti einstaklingur sé velkominn í herinn og ekki sé gert upp á milli fólks útaf hinseginleika þeirra er reynt að setja hulu yfir það sem í raun er verið að segja. Í stað þess að pæla í að það sé herskylda og hvað felst í aðgerðum Ísraelska hersins, ætti frekar að einbeita sér að því hversu góð og framfarasinni þau eru að meina ekki aðgang hinsegin fólks í herinn.¹³

Ef við skoðum aðgerðir Ísraelshers í Palestínu má sjá hvernig herinn notar hinseginleikann til að réttlæta gjörðir sínar, með því að mála Palestínnumenn sem hættulega

¹¹ „Tourist Israel,“ Tourist Israel, 16. maí 2019, <https://www.touristisrael.com/why-tel-aviv-is-the-ultimate-lgbtq-travel-destination/26062/>.

¹² Sama heimild

¹³ Sama heimild

einstaklinga sem myndu kasta þér fram af svölum ef þú ert hinsegin – á meðan Ísraelar eru byggðir upp sem meðlimir paradísar þar sem hinseginleikanum er tekið fagnandi. Taka má til dæmis mynd af Ísraelska hermanninum Yoav Atzmoni, sem flakkaði um samfélagsmiðla í nóvember árið 2023, á myndinni má sjá Atzmoni haldandi á regnbogafána sem búið er að skrifa orðin „Í nafni ástarinnar” á ensku, arabísku og hebresku. Atzmoni segir að ákvörðun fyrir þessari myndatöku hafi verið tekin eftir að hafa séð orðið „Bismillah” skrifað á Palestínsk hús. Með þessari ljósmynd er Ísraelski herinn að gefa sterklega til kynna að aðgerðir þeirra gegn Palestínumönnum sé að einhverju leyti til góðs fyrir hinseginleikann. Þegar Atzmoni er spurður um ákvörðun sína að leyfa birtingu á þessari mynd talar hann um mikilvægi þess að geta flaggað regnbogafánanum á Gaza svæðinu óhræddur.¹⁴

„It is the only army that allows LGBT people the freedom to be who they are, and therefore I fully believe in our goal... I won't let them bring me back into the closet”¹⁵

Með þessari yfirlýsingu er Atzmoni ekki bara að skipta hinsegin fólki á þessu svæði í „gott” og „vont” hinsegin fólk; heldur er hann einnig að nýta hinseginleika sinn til þess að réttlæta aðgerðir hans og félögum hans í Ísraelsher, með því að byggja upp þá ímynd að aðgerðir Ísraels á Gaza svæðinu og Vesturbakkanum lofi bjartari framtíð fyrir hinsegin Palestínumenn. Þrátt fyrir að halda því fram segja rústirnar á bakvið Atzmoni í tiltekinni mynd allt sem þarf að segja um trúverðuleika þess. Markmiðið virðist ekki vera að bjarga saklausum Palestínumönnum, heldur útrýma þeim.¹⁶

¹⁴ Lubna Masarwa, „Israeli Soldier Flying Rainbow Flag in Gaza ‘Textbook Pinkwashing,’” *Middle East Eye*, 13. Nóvember 2023, sótt 4. Maí 2025 á <https://www.middleeasteye.net/news/israel-palestine-war-soldier-rainbow-flag-gaza-condemned-pinkwashing-textbook>.

¹⁵ Sama heimild

¹⁶ Rayyan Dabbous, „In Gaza, a Photo of Israeli Soldier Raising a Pride Flag ‘in the Name of Love’ Goes Viral, ‘Pinkwashing’ a War,” *The Conversation*, 26. Nóvember 2023, sótt 4 Maí 2025 af <https://theconversation.com/in-gaza-a-photo-of-israeli-soldier-raising-a-pride-flag-in-the-name-of-love-goes-viral-pinkwashing-a-war-218322>.

2. Pólitík í Eurovision

2.1 Pólitík

Frá árinu 1956 hefur Söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva verið haldin árlega, með einni undantekningu árið 2020 vegna Covid heimsfaraldursins. Í gegnum árin hefur keppnin farið í gegnum margar breytingar; þátttökupjóðum hefur fjölgað og í kjölfarið hafa bæst við tvö undankvöld þar sem valið er um hver fær að keppa á úrslitakvöldi Eurovision. Til að byrja með var þetta þó mun einfaldara, einungis sjö þjóðir tóku þátt, sem sendu öll tvö lög hver. Keppnin var tekin upp en var mestmegnis sett fram fyrir útvarpsspilun þar sem sjónvörp voru ekki enn komin á öll heimili.¹⁷

Upprunaleg hugmynd að keppninni kemur árið 1955 frá þáverandi útvarpsstjóra Sambands Evrópskra sjónvarpsstöðva Marcel Bezençon, og skáldinu Sergio Pugliese, sem fékk innblástur frá ítölsku keppninni Sanremo Music Festival. Hugmyndin er sögð koma frá tilraunum Sambandsins til að sameina Evrópu; heimsálfu með margra alda sögu um stríð, landrán og virka þátttöku í tveimur heimsstyrjöldum. Keppnin átti að vera ópólitísk og einblína frekar á góða tónlist, flotta söngva og samheldni heimsálfunnar. En hefur það tekist? Var keppnin einhvern tíman í raun og veru ópólitísk? Eða er það fölsk ímynd?¹⁸

Til þess að komast að því verðum við að finna út hvað flokkast undir pólitík í samhengi við Eurovision. Strax er hægt að sjá skýrt dæmi um pólitískt framlag í fyrstu uppsetningu á keppninni, þar sem annað framlag Vestur-Þýskalands að nafni *Im Wartesaal zum großen Glück* sem flutt var af Walter Andreas Schwarz,¹⁹ tæklar eftirköstin í Þýskalandi eftir seinni heimsstyrjöldina og fjallar um skort á sjálfsskoðun landa sinna á þeim gjörðum sem þeir höfðu framið.²⁰ Þrátt fyrir skýr pólitísk skilaboð í laginu fékk Schwarz að flytja það, kannski vegna þess að það talar inn í uppruna Eurovision eða mögulega vegna þess að keppnin var enn að mótast og ekki enn búin að átta sig á því hvað EBU er tilbúið að leyfa og hvað ekki.

Ef við berum saman tvö nýlegri dæmi gætum við mögulega gert betri greinarmun á hvað má og hvað ekki: Árið 2009 er Eurovision keppnin haldin í Moskvu, eftir sigur Rússlands árinu áður. Á þessum tíma er strembið samband milli Rússlands og Georgíu eftir innrás Rússlands á Abkhazía og Suður Ossetía svæðin í Georgíu. Þrátt fyrir að hafa gefið

¹⁷ „Lugano 1956,” Eurovision.tv, <https://eurovision.tv/event/lugano-1956>.

¹⁸ Eurovision Song Contest, „About the Eurovision Song Contest,” Eurovision.tv, 2. Febrúar 2021, sótt 10 Maí 2025 á <https://eurovision.tv/mediacentre/faq-about-the-esc>.

¹⁹ Walter Andreas Schwarz, „I'm Wartesaal zum großen Glück,” tekið upp 1956, Ariola, smáskífa

²⁰ „DAS LANGE WARTEN AUF DIE AUFARBEITUNG,” Boeckler, 2024, sótt 15 Apríl 2025 á <https://www.boeckler.de/de/magazin-mitbestimmung-2744-das-lange-warten-auf-die-aufarbeitung-58831.htm>.

það upp að ætla ekki að taka þátt í keppninni skiptu Georgíumenn um skoðun og héldu undankeppni þar sem lagið *We don't wanna put in*²¹ bar sigur úr býtum. Laginu var meinað þátttöku vegna titils lagsins þar sem orðin „put in“ hljóma eins og „Putin“ þegar þau eru sungin af flytjendum lagsins, sem túlkað var sem beint skot á þáverandi og núverandi forseta Rússlands og manninn sem stóð á bakvið innrásina. Texti lagsins innihélt einnig línur sem vöktu athygli, eins og „Imma try to shoot in,“ sem talin var hljóma öðruvísi í söng og heyrðist frekar „Imma try to shoot him.“ Þegar skoðaður er flutningur á laginu má sjá flytjendur notast mikið við að mynda byssur með höndum sínum og undir lok lagsins leggja þau vísifingur á varirnar og sussa á áhorfendur; og má segja að sé þeirra leið til að biðja áhorfendur að segja engum um hvað lagið raunverulega er.²² Með framlagi Georgíu má því sjá atlögu til að búa til pólitískt Eurovision lag sem hæðist að árásarmönnum sínum; með textasmíð sem vinnur með að koma skilaboðum í framburði frekar en í orðum og flutningi sem reynir, þó ekki mikið, að dulbúa undirtexta lagsins.²³ Þetta lag er hinsvegar ekki það eina sem hefur reynt að takast á við tengsl sín við Rússland og þá má nefna framlag Úkraínu 2016 sem bar titilinn *1944*²⁴ flutt af Jamala. Eftirfarandi lag tekur fyrir innrás Sovétríkjanna árið 1944 á krímeuskagann, sem tilheyrði þá, og tilheyrir enn Úkraínu. Viðlag lagsins er sungið á krímtatörsku (e. Crimean Tatar) og fjallar um ömmu söngkonunnar sem gat ekki eytt ævi sinni á svæðinu þar sem árásarmenn þeirra sviptu friðinum frá þeim.²⁵ Í laginu má þó sjá skýra ádeilu á aðgerðir Rússlands gagnvart Úkraínu í dag, með því að fjalla um innrás Sovétríkjanna mörgum árum áður og spegla það við nýlegri árás Rússlands á sama svæði árið 2014. Þrátt fyrir líkindin fékk hún þó að keppa og getum við gefið okkur að það sé vegna þess að hægt sé að færa rök fyrir að hann sé frekar byggður á sögulegum atburðum.

„When strangers are coming, they come to your house, they kill you all and say „we’re not guilty, not guilty,“ where is your minds? Humanity cries, you think you are gods, but everyone dies, don’t swallow my soul, our souls“²⁶

²¹ Stephane & 3G, “We Don’t Wanna Put In,” tekið upp 2009. TBC TV, smáskífa.

²² Creative Tweaking - BiBi Kvachadze's Music Channel, „We Don’t Wanna Put in - Eurovision Song Contest 2009,” YouTube, 12. September 2009, <https://www.youtube.com/watch?v=5P6-7Rw4xug>.

²³ Branson Gillispie, „‘We Don’t Wanna Put In’: a Case Study of Georgia at the 2009 Eurovision Song Contest,” Yale Journal of International Affairs, 23. Maí 2024, sótt 20 Apríl 2025 á <https://www.yalejournal.org/publications/we-dont-wanna-put-in>.

²⁴ Jamala, „1944,” tekið upp í mars 2016, Enjoy, smáskífa.

²⁵ Viktoria Veselova and Oleksandra Melnykova, „Crimean Singer in Line to Represent Ukraine at Eurovision,” *The Guardian*, 11. Febrúar 2016, sótt 21. Maí 2025

á <https://www.theguardian.com/world/2016/feb/11/crimean-singer-in-line-to-represent-ukraine-at-eurovision>.

²⁶ Jamala, „1944,” tekið upp í mars 2016, Enjoy, Stuttskífa

Í flutningi Jamala á keppninni sjálfri mátti sjá Jamala við byrjun lags ganga hægt og rólega frammar á sviðið með LED skjái á bakvið sig sem sýndu vatn í vægri hreyfingu; þegar kemur að fyrsta viðlagi myndast gular rætur sem skjótast frá söngkonunni útum allt svið. Frá öðru erindi má sjá LED skjáina mynda allskonar blóm undir söngkonunni sem leiðir að risi lagsins þar sem frá miðju sviðs rís upp tré sem teygir greinar sínar út að ystu nöf skjáanna á sviðinu. Þegar lýður að lokum flutnings verður allt svart; Jamala stendur ein og syngur lokalínu lagsins gráti nær.²⁷ Þrátt fyrir að EBU virðist ekki telja vera neitt pólitískt innihald í lagi Jamala mátti sjá á flutningi að reynt væri verið að sýna þáverandi raunverulegan harm Úkraínumanna á þessum tíma í þær þrjár mínútur sem flutningur átti sér stað.

Með samanburði lags Georgíu 2009 og Úkraínu 2016 má sjá svipaðar tilraunir til að setja út á aðgerðir Rússlands gagnvart þjóðunum tveimur á þeim tímum sem lögin voru frumflutt, en með banni Georgíu og leyfi Úkraínu má finna einhverja skýrari mynd um hvað má og hvað má ekki þegar kemur að framlagi í Eurovision. Á meðan Georgía vann með að hæðast að óvininum með notkun poppaðrar tónlistar sem vann með bein skot á árásarmenn sína, reyndi Úkraína að toga í hjartastrengi áhorfenda með ballöðu sem gaf áhorfendum samúðartilfinningu á meðan söngkonan leyfði sér að sýna sorgina sem hún fann við flutning lagsins, sem hægt var að tengja við fyrrverandi atburði.

2.2 Hinseginleikinn í Eurovision

Á síðustu árum er hægt að finna þónokkur lög eða atriði sem hægt er að tengja inn í hinsegin menningu; hvort sem það sé í formi flytjanda, innihaldi lags eða í flutningi á aðalkeppninni sjálfri. Þó til að byrja með var hinseginleikinn í keppninni mun meira falinn og frekar settur fram sem undirtexti frekar en fögnuðurinn sem hann er í dag. Þó svo að hægt sé að finna lög eins og *Nous les amoureux*,²⁸ sem fjallaði um ástina milli söngvara lagsins, Jean Claude-Pascal og ástmann hans. Lagið keppti fyrir hönd Lúxemborgar árið 1961 þegar Pascal var enn í skápnum.

Í gegnum árin hefur EBU aðlagð keppnina í þá átt að hún taki alltaf sterkari og skýrari afstöðu með hinsegin baráttunni. Í fjölda ára hefur keppendum og áhorfendum í sal verið leyft að veifa regnbogafánum og öðrum hinseginfánum. Aðrar nýjar reglugerðir hafa bent til þess að EBU vilji sjá til þess að hinseginleikinn sé eins sýnilegur og hann getur verið,

²⁷ Eurovision Song Contest, „LIVE - Jamala - 1944 (Ukraine) at the Grand Final of the 2016 Eurovision Song Contest,” *YouTube*, 14. Maí 2016, <https://www.youtube.com/watch?v=B-rnM-MwRHY>.

²⁸ Jean-Claude Pascal, „Nous les amoureux,” tekið upp 1961, *La Voix de son maître*, smáskífa.

til að mynda ný reglugerð frá árinu 2021 sem segir að á meðal þeirra upplýsinga sem gefnar eru út um hvern keppanda skuli innihalda fornöfn hvers og eins flytjanda.²⁹

Hvað verður að þeim verkum að Eurovision fer í þessa átt? Það má segja að það hafi ekki verið fyrr en árið 1997 þegar Ísland sendir Pál Óskar með lag sitt *Minn hinsti dans*³⁰ þar sem regnbogaboltinn fer að rúlla. Það má því segja að rót hinsegin stimpilsins hafi byrjað á síðari hluta tíunda áratugs tuttugustu aldar. Þrátt fyrir að hægt sé að finna dæmi um aðra hinsegin keppendur sem tóku þátt á undan Páli Óskari, eins og fyrrnefndi Jean-Claude Pascal, þá er Páll Óskar sá fyrsti til þess að vera kominn út úr skápnum áður en hann tók þátt.³¹

Það má því segja að flutningur Páls Óskars í keppninni hafi rutt nýjar brautir. Flutningurinn fór að snúast meira um heildarmyndina frekar en hreina sönghæfileika. Til þess að Páll Óskar gæti tekið almennilega þátt í sviðshreyfingum var hann með svokallaðan „headset“ hljóðnema. Þegar Páll Óskar tekur lagið í keppninni má sjá hann liggjandi í hvítum leðursófa, umkringdur fáklæddum konum, sem liggja á örmum, baki og fyrir framan sófann. Þegar um það bil mínúta er liðin af flutningi vakna konurnar til lífs og byrja að „pósa“ og hægt og rólega samhæfast hreyfingum Páls Óskars, sem nú er staðinn úr sófanum. Hreyfingarnar eru almennt séð fremur róbótískar og flutningur hallast að því að vera smá kynferðislegur.³²

Rekja má opin hug Evrópu fyrir hinseginleikanum einmitt á þessu bili milli tíunda áratugs tuttugustu aldar og byrjun tuttugustu og fyrstu aldar. Samkvæmt Catherine Baker var viðmót Evrópu til hinseginleikans ekki möguleiki án þess að byggja upp nýtt viðhorf þar sem hluti af því sem gerir Evrópu svo frábæra væri hversu vel tekið væri á móti því að ekki værum við öll eins, og að hér væri um hóp að ræða sem þyrfti að vernda.³³ Með því að nota Eurovision sem tól sem leitar til hinsegin markhópsins tekst EBU að byggja upp glansmynd með dass af konfettí. Með því getur Evrópa notað Eurovision sem dæmi um hversu gott það er að vera hinsegin í heimsálfunni, miðað við önnur svæði.

²⁹ Sami Luukela, „Eurovision 2021 Participant Profiles to Include Pronouns,” ESCXTRA.com, 27. Mars, 2021, sótt 15 Apríl 2025 á <https://escextra.com/2021/03/27/eurovision-2021-participant-profiles-to-include-pronouns/>.

³⁰ Páll Óskar, „Minn hinsti dans,” tekið upp 1997, Alda Music, smáskífa.

³¹ Baker, „The ‘Gay Olympics’? The Eurovision Song Contest and the Politics of LGBT/European Belonging,” bls 102

³² ESCape Radio, „Paul Oscar ‘Minn Hinsti Dans’ (Eurovision 1997 - Iceland) HD,” YouTube, 19. Janúar 2021, <https://www.youtube.com/watch?v=g-D4AAkYpsk>.

³³ Baker, „The ‘Gay Olympics’? The Eurovision Song Contest and the Politics of LGBT/European Belonging,” bls 99

Viðhorf EBU og Evrópu gagnvart sýnileika hinseginleikans í keppninni er þó ekki alltaf í samræmi við sjálft sig. Til að mynda árið 2003 þegar Rússland sendi tvíeykið t.A.T.u sem var á þessum tíma að gera garðinn frægann og orðrómar um að stelpurnar tvær væru í ástarsambandi flaug eins og eldur í sinu um víðan völl.³⁴ Þegar kom að því að halda Eurovision í Riga í Lettlandi árið 2003 hafði t.A.T.u ætlað sér að kyssast í flutningi sínum sem olli áhyggjum hjá EBU. t.A.T.u endaði á að hætta við kossinn eftir að EBU hótaði því að þeim yrði hent úr keppninni ef þær skyldu gera það.³⁵ Kossar í Eurovision voru ekki nýtt fyrirbæri, en fyrsta dæmi um að flytjendur deili kossi í flutningi er frá árinu 1957 þegar Dönsku keppendurnir Birthe Wilke og Gustav Winckler kysstust við lok flutnings þeirra á laginu *Skibet skal sejle i nat*.³⁶ Einnig er koss milli einstaklinga af sama kyni ekki nýtt fyrirbæri þar sem árið 2000 deildu karlkyns meðlimir Ísraelsku sveitarinnar Ping Pong einum kossi.³⁷ Þar sem að hér væri ekki verið að ræða um að brjóta blað vekur ákveðna undrun að möguleikinn á að t.A.T.u. gæti deilt kossi í beinni útsendingu hafi verið svona umdeildur. Þegar tekið er til greina að tíu árum síðar sáum við koss milli tveggja kvenna í atriði Finnlands árið 2013, sem var gert í mótmælaskyni gegn ákvörðun Finnsku ríkisstjórnarinnar að vilja ekki lögleiða samkynja hjónabönd, er erfiðara að skilja hvers vegna EBU tók þessa afstöðu í garð t.A.T.u. Ljóst er að birtingarmynd hinseginleikans í Eurovision er ekki alltaf samkvæm sjálfri sér.³⁸

2.3 Ísrael í Eurovision

Hvert er markmið Ísraels í Eurovision? Er hægt að komast að þeirri niðurstöðu að Ísrael hefur eitthvað undirliggjandi markmið í þátttöku sinni? Þátttaka Ísraels hefur frá byrjun verið fremur umdeild, allt frá vangaveltum um þátttökurétt Ísraels sem þjóð utan Evrópu og alveg til ósamræmis aðgerða Ísraels gegn nágrannaþjóðum sínum í samanburði við gildi keppinnar. Til að mynda slitu allar Arabískar þjóðir útsendingu á keppninni 1978 í miðri stigagjöf þegar ljóst var að Izhar Cohen, sem keppti fyrir hönd Ísraels það ár, væri að fara að

³⁴ Baker, „The ‘Gay Olympics’? The Eurovision Song Contest and the Politics of LGBT/European Belonging,” bls 102-103

³⁵ „The End of a Decade: Riga 2003,” *Eurovision Song Contest*, 24. Desember 2009, <https://eurovision.tv/story/the-end-of-a-decade-riga-2003>.

³⁶ ESC:56-73, „ESC 1957 09 - Denmark - Birthe Wilke & Gustav Winckler - Skibet Skal Sejle I Nat,” YouTube, 21. Nóvember 2009, <https://www.youtube.com/watch?v=vX3WRMF5TuY>.

³⁷ 2000ESC2003, „Eurovision 2000 01 Israel *PingPong* *Sameyakh* 16:9,” YouTube, 16. Júlí 2009, <https://www.youtube.com/watch?v=3uNfhj66GOo>.

³⁸ Baker, „The ‘Gay Olympics’? The Eurovision Song Contest and the Politics of LGBT/European Belonging,” bls 106-107

sígra keppnina með lagi sínu *A-Ba-Ni-Bi*.³⁹ Ein þeirra þjóða, Jórdanía, tilkynnti sigur Belga daginn eftir, sem hafnaði í öðru sæti, í stað Ísraels.⁴⁰ Ári síðar þegar keppnin átti að vera haldin í Jerúsalem settu Arabískar þjóðir pressu á Tyrkland um að hætta við þátttöku sína. Sem þau enduðu á að gera og kannski fyrir bestu, þar sem sigurvegari keppinnar var enginn annar en Ísrael með lagið *Hallelujah*⁴¹ sem flutt var af sveitinni Milk & Honey.⁴² Þegar skoðuð eru framlög Ísraels væri hægt að sjá að afstaða Arabísku þjóðanna hafi ekki einungis stafað af marga ára pólitískum deilum í Mið-Austurlöndum, heldur einnig frá innihaldi framlaga Ísraels. Flestir keppendur Ísraels hafa gengið í Ísraelska herinn og má segja að innihald lagatexta þeirra séu á skjön við gjörðir þeirra. En lög Ísraels snerta oft á skilaboðum um frið, ást og kærleik, og þá má einmitt nefna sigurlögin fyrrnefndu *A-Ba-Ni-Bi*⁴³ og *Hallelujah*,⁴⁴ sem tala um að finna lífsgleðina og að leyfa okkur að elska hvort annað.

Í gegnum árin hefur Ísrael sent ótalmörg framlög og má segja að meirihluti þeirra búi yfir einhversskonar undirtóni sem talar inn í umræðuna um þeirra tilvist og ýtir undir ímynd Ísraels sem friðarsinnaðaðrar þjóðar sem er einungis að verja sig frá utanaðkomandi árásum. Hinsvegar hafa ekki öll framlög Ísraels fallið vel í kramið hjá löndum sínum eftir að ljúka keppni, t.a.m. fyrrnefndu hljómsveitina Ping Pong sem veifaði Ísraelskum og Sýrlenskum fánum í flutningi sínum árið 2000, sem gerði það að verkum að Ísraelska ríkisstjórnin hætti að fjármagna Eurovision ferð sveitarinnar þar sem gjörð þeirra að veifa fána Sýrlands var talin vera móðgun. Gil Samsonov formaður IBA lýsti því yfir að Ping Pong væri ekki að keppa fyrir hönd lands síns og væri þjóð sinni til skammar. Meðlimir Ping Pong segjast hafa ákveðið að gera þetta vegna einlægrar vonar þeirra um að einn daginn væru engin stríð milli þjóðanna tveggja.⁴⁵

Þátttaka Ísraels í Eurovision reynist mjög mikilvæg fyrir íbúa landsins og má sjá að þátttaka þeirra sé ekki bara tækifæri til að vera með í Evrópukeppni, heldur einnig tækifæri til þess að byggja upp sína glansmynd og auglýsa þjóð sína. Í dag sér ísraelska sjónvarpsstöðin KAN um þátttöku Ísraels, en það er tiltölulega ný breyting þar sem fram að árinu 2017 sá sjónvarpsstöðin IBA um utanumhald. Breyting þessi var framkvæmd af

³⁹ Izhar Cohen, „A-Ba-Ni-Bi,“ tekið upp 1978, Polydor, smáskífa

⁴⁰ Siobhán Doyle, „8 Eurovision Controversies You Probably Didn't Know About,“ *RTE.ie*, 13. Maí 2025, sótt 15 Maí 2025 á <https://www.rte.ie/brainstorm/2025/0513/1295914-eurovision-controversies-israel-jordan-pingpong-maneskin-dana-international-conchita-wurst-cliff-richard/>

⁴¹ Milk & Honey, „Hallelujah,“ tekið upp 1979, Polydor, smáskífa.

⁴² „Jerusalem 1979,“ Eurovision Song Contest, 2025, <https://eurovision.tv/event/jerusalem-1979>.

⁴³ Izhar Cohen, *A-Ba-Ni-Bi*

⁴⁴ Milk and Honey, *Hallelujah*

⁴⁵ Suzanne Goldenberg, „Outraged Israel Disowns Daring Eurovision Entry,“ *the Guardian*, 12. Maí 2000, sótt 16 Maí 2025 á <https://www.theguardian.com/world/2000/may/12/israel>.

ríkisstjórn Ísraels og samkvæmt Benjamin Netanyahu, þáverandi forsetætisráðherra Ísraels var það af fjárhagslegum ástæðum. Þegar grafið er dýpra í málin má hinsvegar velja fyrir sér hvort að innanverð pólítík Ísraelska ríkisins hafi spilað inni þar sem IBA má telja að sé farin aðeins of langt til vinstri og því væri breyting þessi gerð til þess að ut anumhald væri í höndum sjónvarpsstöðvar sem fylgir betur markmiði Ísraelska ríkisins.⁴⁶

Eftir þátttöku Páls Óskars árið 1997 má segja að opnað hafði verið fyrir gáttir opinbera hinsegin keppanda í Eurovision. Ári síðar tók Ísrael af skarið og valdi söngkonunna Dana International sem þátttakanda sinn án þess að halda undankeppni og söng hún lagið *Diva*.⁴⁷ Með vali Ísraels á International sem flytjanda sinn varð hún fyrsta trans konan til að taka þátt í keppninni og einnig fyrsti opinberi hinsegin sigurvegari keppinnar.⁴⁸

Þegar horft er á álit Ísraelsríkis gagnvart hinsegin fólki í dag er áhugavert að sjá viðbrögð Ísraels þegar International var valin á sínum tíma til að keppa fyrir hönd hennar þjóðar þrátt fyrir mótlæti frá heimamönnum. Þar má nefna rétttrúnaðargyðinga í Ísrael sem héldu því fram að með þátttöku hennar fyrir hönd sinnar þjóðar væri alveg eins hægt að kasta fram þeim skilaboðum að myrkrið tæki yfir. Einnig hélt meðlimi Ísraelska þingsins á þeim tíma því fram að ákvörðun hennar um að lifa sínu lífi sem trans kona væri verra en endaðarmsmök.⁴⁹ Þegar kom að keppni stóð hún á miðju sviði í Birmingham og heillaði Evrópu nógu mikið til þess að sigr keppnina.

Síðan sigur Dana International var heill á húfi hefur hún lifað lífi sem Eurovision goðsögn, og verið hluti af þeim nöfnum sem nefnd eru þegar rætt er um þá sem hafa rutt brautir núverandi hinsegin þáttakenda í keppninni. Það mætti því segja að ákvörðun Ísraels að senda trans konu í Eurovision hafi verið ummerki um bleikþvott Ísraels, þar sem sigur Dana International gaf Ísrael frábæra umfjöllun og styrkti hinseginvænu ímynd þeirra, þrátt fyrir miklu mótlæti innan landsins áður er hún vann.

⁴⁶ Chris West, „Why Is Israel Still in Eurovision? The Answer Is More Complex than You Might Think,” *the Guardian* 16. Maí 2025, sótt 20 Maí 2025 á <https://www.theguardian.com/commentisfree/2025/may/16/israel-eurovision-gaza-european-broadcasting-union>.

⁴⁷ Dana International, „Diva,” tekið upp 1998, CNR Music, smáskífa.

⁴⁸ Eve Barlow, „Viva La Diva! How Eurovision’s Dana International Made Trans Identity Mainstream,” *the Guardian*, 10 Maí 2018, sótt 16 Maí 2025 á <https://www.theguardian.com/music/2018/may/10/viva-la-diva-how-eurovision-dana-international-made-trans-identity-mainstream>.

⁴⁹ Sama heimild

3. Ísrael í dag

3.1 Ísrael 2018

Árið 2018 sendi Ísrael unga og upprennandi tónlistarkonu sem kallar sig Netta, eftir sigur hennar í forkeppni Ísraels samdi hún lagið *Toy*⁵⁰ sem varð framlag Ísraels það ár. Strax eftir útgáfu lagsins skaust Ísrael í toppsæti hjá veðbönkum og ekki var um mörg lög sem virtust eiga séns á að taka sætið frá henni. Lag hennar var samið sem einskonar feminískur baráttusöngur sem fær innblástur frá me too byltingunni og snertir á að leyfa körlum ekki að traðka yfir sig í daglegu lífi, „I’m not your toy, you stupid boy“ segir hún til dæmis í viðlaginu.⁵¹ Þegar Netta syngur lagið tekur hún upp á því að gefa frá sér hænsahljóð þegar hún minnst á karla í laginu, og gefur því merki um að karlinn sem hún ræðir um sé gunga (e. *Chicken*) og gerir það að verkum að lagið hallast meira að því að hæðast og kýla upp, frekar en að taka alvarlega nálgun að efninu.

„Wonder Woman don’t you ever forget, you’re divine and he’s about to regret, he’s a baka-mhm-bak-mhm-bakbak-bak-mhm-boy, baka-mhm-bak-mhm-bakbak, I’m not your baka-mhm-bak-mhm-bak-mhm-bak-mhm-bak-mhm“⁵²

Með því að senda frá sér lag í Eurovision sem hægt er að stilla upp sem baráttusöng kvenna og talar inn í feminisma og metoo byltingarnar er Ísrael að byggja upp ímynd sína sem þjóð sem berst fyrir jafnrétti milli kynja. Í innihaldi textans má einnig sjá tilvísun í ofurhetjuna Wonder Woman, en ári áður var frumsýnd kvikmynd með sama nafni þar sem ísraelska leikkonan Gal Gadot fór með aðallhlutverk. Oft geta tilviljanir gerst en í þessu tilfelli er hægt að finna Ísraelska fréttamiðla sýna þessa tengingu sem auglýsingu fyrir bæði myndina og Eurovision lagið.⁵³

Í Mars 2018 byrjuðu Palestínumenn á Gaza svæðinu mótmæli við landamæri þeirra við Ísrael, sem mörkuð voru með girðingu. Til þess að stoppa mótmælin byrjaði Ísraelski herinn að skjóta á mótmælendur til að halda þeim frá landamærunum, og leiddi þetta mótsvar hersins í gegnum mótmælin til þess að yfir 170 manns létu lífið á meðan á mótmælunum stóð.⁵⁴ Í aðdraganda keppninnar 2018, þegar öll lög hafa verið tilkynnt en þó er smá í keppnina sjálfa, fara allir helstu júróaðdáendur að spá í spilin og vinsældir *Toy* gera það að

⁵⁰ Netta, „Toy“, tekið upp í mars 2018, Tedy Productions, smáskífa.

⁵¹ Thomas Cabral og Delphine Matthieussent, „Netta Barzilai Is the Voice of #MeToo at Eurovision,“ Timesofisrael.com, 2018, sótt 10. Maí 2025 á <https://www.timesofisrael.com/netta-barzilai-is-the-voice-of-metoo-at-eurovision/>.

⁵² Netta, „Toy“, tekið upp í mars 2018, Tedy Productions, smáskífa.

⁵³ Cabral og Matthieussent, „Netta Barzilai Is the Voice of #MeToo at Eurovision,“

⁵⁴ „Timeline: Israel’s Attacks on Gaza since 2005,“ *Al Jazeera*, 7. Ágúst 2022, sótt 10. Maí 2025 á <https://www.aljazeera.com/news/2022/8/7/timeline-israels-attacks-on-gaza-since-2005>.

verkum að Ísrael fær ansi gott lof fyrir flott val í keppnina.⁵⁵ Með því kemur í veg fyrir að afleiðingar þessara mótmæla berist lengra milli bæja og halda samtalinu um feminíska baráttusönginn sem talar svo vel í MeToo hreyfinguna. Í lok sigurræðu Netta lýsti hún því yfir að á næsta ári myndum við hittast aftur og í þetta sinn í Jerúsalem.⁵⁶ Með þeirri yfirlýsingu sinni tekur hún bleiku huluna sem búið var að breiða svo vel yfir aðgerðir Ísraels. Netta er ekki bara að segja að keppnin verði í Jerúsalem að ári, heldur er hún einnig með þessu að segja að Jerúsalem sé í eigu Ísraels, en ekki Palestínu.

Framlag Ísraels var góð tilraun til þess að tala fyrir feminisma, byrja mikilvæga umræðu um kynjamisrétti og varpaði kastljósi á MeToo byltinguna. En allt er þetta dulbúningur þegar skoðað er skotárás Ísraelska hersins á mótmælendur fyrir keppnina og yfirlýsingu Netta eftir sigur sinn. Lagið *Toy* leikur sér að því að gefa konum rödd á meðan Ísrael heldur áfram að þagga niður kvenraddir í Palestínu með sprengingum.

3.2 Ísrael 2024

Árið 2024 var mikið í húfi fyrir Ísrael að halda áfram að varpa fram ímynd sinni sem framsýnni og lýðræðislegri þjóð, ásamt því að viðhalda fórnarlambs ímynd sína þegar kemur að átökum þeirra við nágrannþjóðir sínar í Mið-Austurlöndum.

Forkeppni Ísraels er þannig háttað að valið er um flytjanda en ekki lag, þar sem flytjendur taka þátt í áheyrnaprufum þar sem dómnefnd hefur vald til þess að veita þeim inngöngu í næsta þrep. Þá hefst útsláttarkeppni sem Ísraelska þjóðin tekur þátt í með símakosningu og í lok keppninnar verður ljóst hvaða flytjandi fer út fyrir hönd Ísraels í Eurovision ár hvert. Þegar ljóst er um flytjanda fer sá hinn sami í gegnum bunka af lögum og finnur það sem þeim langar að flytja en keppandi getur einnig samið sitt eigið.⁵⁷

Sigurvegari í forkeppni Ísraels var Eden Golan, en hún átti upprunalega að syngja lag að nafni *October Rain*, sem samið var í kringum umdeilda árás á Ísrael þann 7. Október 2023 og vitnaði í Nova tónlistarhátíðina þar sem árásin átti sér stað. Því má skýrt sjá markmið Ísraels í þeirri keppni að ýta undir fórnarlambs hlutverk sitt. EBU hafnaði hinsvegar laginu á þeim grundvelli að lagið væri of pólitískt, og bað um að það yrði aðlagð að kröfum

⁵⁵ „Mun Netta Frá Ísrael Rústa Eurovision?,” *mbl*, 15. Apríl 2018, sótt 20. Maí 2025 á https://www.mbl.is/folk/frettir/2018/04/15/mun_netta_fra_israel_rusta_eurovision/.

⁵⁶ Diana Alghoul, „Netta Politicised Her Own Victory and Whitewashed Israel's Occupation,” *The New Arab*, 2018, sótt 20. Maí 2025 á <https://www.newarab.com/opinion/netta-politicised-her-own-victory-and-whitewashed-israels-occupation>.

⁵⁷ „Tonight: Israel Decides for Eurovision 2024 with the Final of HaKokhav HaBa,” *Eurofansradio.com*, 2024, sótt 16. Maí 2025 á <https://www.eurofansradio.com/eurovision-news/eurovision-2024/tonight-israel-decides-for-eurovision-2024-with-the-final-of>.

keppninnar. Eftir miklar umræður, þar sem Miki Zohar, menningar og íþróttaráðherra Ísraels, taldi ákvörðun EBU vera skandal og að með höfnun lagsins eins og það væri er EBU að láta pólitík hafa áhrif á keppnina, þ.e.a.s. Zohar vildi meina að *October Rain* væri ekki pólitískt heldur talaði það til þjóðarsorgar Ísraels og með banni EBU á laginu væri pólitíkin á yfirborðinu.⁵⁸ Á endanum tilkynnti Ísrael að framlag þeirra myndi vera lagið *Hurricane*,⁵⁹ sem er sama lag og *October rain* með nokkrum textabreytingum.

Það er auðséð á tilraunum Ísraels til að senda lag sem talar inn í 7. Október 2023 að Ísrael vill sjá til þess að aðgerðir þeirra á Palestínufólki á Gaza svæðinu og Vesturbakkanum séu túlkaðar sem sjálfsvörn og mótsvar. Með því að ýta undir þá atburðarrás sem byrjunarpunkt reynir Ísrael að sópa allt sem átti sér stað fyrir þann dag undir teppið í von um að 7. Október 2023 verði nýr byrjunarpunktur þegar talað er um þjóðarmorð þeirra á Palestínufólki. Lag Eden Golan er skýrt dæmi um það þar sem innihald lagsins, þó eftir textabreytingar sé enn mjög skýr vísun í þennan dag. *Hurricane* er því töl til þess að gera þennan dag ógleymanlegan og mætti segja að verið sé að reyna að gera daginn jafn eftirminnilegan og 11. September 2001, eins og rætt var áður þá er sá dagur stór rót að nútíma hatri í garð Íslamstrúar og Mið-Austurlandanna.

3.3 Hver eru viðbrögðin við þessu?

Árið 2024 var Eurovision keppnin undir mikilli pressu eftir að ljóst var að Ísrael væri að fara að taka þátt þrátt fyrir mikil mótmæli.⁶⁰ Ákvörðun EBU vekur undrun þar sem ekki er langt síðan sambandið bannaði annarri þjóð að taka þátt í keppninni vegna utanaðkomandi aðstæðna; en árið 2022 gaf EBU út yfirlýsingu um að Rússlandi væri meinuð þátttaka í keppninni eftir innrás þeirra á Úkraínu þann 24. Febrúar sama ár. Formleg ástæða þeirra var sú að þátttaka Rússa gæti leitt til óröðs á keppnina.⁶¹ Því hefur EBU lagt niður þann grundvöll að ef þátttaka einhverrar þjóðar gæti leytt til ósættis innan Evrópu vegna utanaðkomandi gjörða þeirra hefur EBU vald til þess að meina tiltekinni þjóð þátttöku. Því

⁵⁸ „ Israel: KAN Confirms Israel Will Withdraw from Eurovision 2024 If Their Song Is Banned - Eurovoix,” *Eurovoix*, 21. Febrúar 2024, sótt 20. Maí 2025 <https://eurovoix.com/2024/02/21/kan-will-withdraw-from-eurovision-2024-if-their-song-is-rejected/>.

⁵⁹ Eden Golan, „Hurricane.“ Tekið upp í mars 2024. Session 42, smáskífa.

⁶⁰ David Smith, „Israel at Eurovision 2024: EBU Statement Confirms KAN Will Not Be Banned from Song Contest,” *wiwibloggs*, 18. Janúar 2024, sótt 20. Maí 2025 á <https://wiwibloggs.com/2024/01/18/israel-at-eurovision-2024-ebu-statement-confirms-kan-will-not-be-banned-from-song-contest/279244/>.

⁶¹ „EBU Statement Regarding the Participation of Russia in the Eurovision Song Contest 2022,” Eurovision.tv, 25. Febrúar 2022, sótt 18. Maí 2025 á <https://eurovision.tv/mediacentre/release/ebu-statement-russia-2022>.

má spyrja sig hvers vegna er bannað Rússlandi að vera með en ekki Ísrael? Þessi mismunur sýnir fram á hræsni sambandsins þegar um er að ræða mismunandi þjóðir.

Hinsvegar verður að taka fram að ákvörðun EBU að banna Rússland frá þátttöku stemmir frá mótmælum ríkissjónvarpa annarra Evrópuþjóða; þann 24. Febrúar 2022 gaf EBU út þá yfirlýsingu að Rússlandi væri ekki meinað að taka þátt út frá þeim grundvelli að Eurovision sé ópólítísk keppni og því tekur hún ekki afstöðu í þessu máli.⁶² Einum degi síðar breytti EBU skjótt um skoðun á fyrri yfirlýsingu og bannaði Rússlandi að keppa eftir að meðlimir annarra þjóða hyggðust draga sig úr keppni ef Rússlandi væri leyft að keppa.⁶³ Því er ekki hægt að segja að EBU hafi tekið þessa ákvörðun útfrá afstöðu sinni, heldur útfrá ótta um að þátttökuþjóðum í keppninni myndi fækka ef Rússland fengi að vera með. Sama krafa hefur ekki verið lögð frá ríkissjónvörpum í Evrópu þegar kemur að Ísrael en þar liggur grundvallarmunurinn á milli tilviks Rússlands og Ísraels. Á meðan enginn ótti er til staðar um hvort þjóðir hætti við þátttöku ef Ísrael sé með er engin ástæða til að gera eitthvað í því, eða hvað? Er hægt að segja með þessum upplýsingum að almennur borgari hefur ekkert vægi þegar kemur að því að halda uppi grunnstoð keppninnar, sameiningartáknið sem hún á að vera? Snýst þetta í raun um samheldni eða hefur keppnin alltaf snúist um þjóðernishyggju og pólítík?

Fyrrum keppendur Eurovision söfnuðu saman í undirskriftarlista sem kallaði til banns Ísraels og verðandi Eurovision keppendur skrifuðu undir sinn eigin lista sem kallaði til varanlegs vopnahlés samstundis, þó töluðu þau ekki um að banna Ísrael frá þátttöku.⁶⁴ Keppendur eins og Bambie Thug frá Írlandi og Iolanda frá Portúgal hyggðust ætla að nota tíma sinn í keppninni til að geta mótmælt í höllinni. Hinsvegar þegar kom að keppninni mátti sjá að þessi loforð höfðu ekkert vægi. Bambie Thug ætlaði sér að skrifa skilaboðin „Vopnahlé“ og „Frjáls Palestína“ á líkama sinn á tungumálinu Ogham, hinsvegar var hán bannað að fara á svið með þessi skilaboð á sér og var beðið um að fjarlægja þau eða vera vísað úr keppni.⁶⁵ Iolanda var með lakkaðar neglur sem fylgdu mynstrinu sem sést á

⁶² Mark Savage, „Eurovision: Russia Can Compete despite Invasion of Ukraine,” *BBC News*, 24. Febrúar 2022, sótt 20. Maí 2025 á <https://www.bbc.com/news/entertainment-arts-60514388>.

⁶³ „EBU Statement Regarding the Participation of Russia in the Eurovision Song Contest 2022,” Eurovision.tv, 25. Febrúar 2022, <https://eurovision.tv/mediacentre/release/ebu-statement-russia-2022>.

⁶⁴ Andrew Jones, „Eurovision Song Contest Stars Reject Calls for Israel Boycott,” *NBC News*, 29. Mars 2024, sótt 19. Maí 2025 á <https://www.nbcnews.com/news/world/eurovision-song-contest-israel-hamas-war-gaza-artists-malmo-rcna145584>.

⁶⁵ Shauna Bowers, „Eurovision: Bambie Thug Was Asked to Remove Pro-Palestinian Ogham Writing for Performance,” *The Irish Times*, 8. Maí 2024, sótt 21. Maí 2025 á <https://www.irishtimes.com/culture/music/2024/05/08/eurovision-bambie-thug-was-asked-to-remove-pro-palestinian-ogham-writing-for-performance/>.

palestínska klútnum keffiyeh, en upptaka af flutningi Iolanda sem EBU setti á síður sínar innihélt ekki þessar neglur.⁶⁶

Til að sjá til þess að minnka ágreininginn sem var að eiga sér stað á keppninni setti EBU upp kerfi að nafni „anti booing technology“ þegar framlag Ísraels var flutt. Með þessu kerfi var ekki hægt að heyra í þúnum meðal áhorfenda og í staðinn heyrðist aðeins í fagnaðarlátum í sjónvarpsútsendingu.⁶⁷ Með þessu kerfi er EBU með virkum hætti að reyna að breyta sögunni á meðan hún er að eiga sér stað. Nú í dag er vitað að í flutningi Ísraels 2024 var höllin þúandi í gegnum þessar þrjár mínútur sem lagið var flutt, en með því að leyfa ekki viðbrögð áhorfenda að vera sjónvörpuð er hætta á því að sú staðreynd týnist í Eurovision sögunni. Einnig varpar notkun þessarar tækni upp annarri spurningu um sanngirni milli keppenda, ef einungis ein þjóð fær útbúin hróp og fagnaðarlæti á meðan á flutningi þeirra stendur er EBU að gera upp á milli keppenda.

Keppnin fór á mikla niðurleið þegar EBU ákvað nokkrum klukkutímum fyrir úrslitakvöldið að vísa Hollenska keppandanum Joost Klein úr keppni eftir ásökun um ógnandi hegðun í garð starfskonu í höllinni, sem hafi farið á borð hjá lögreglunni í Malmö. Þó reyndist ekkert koma úr því eftir að málið var rannsakað. EBU var með þessu búið að setja glænýtt fordæmi sem aldrei hafði gerst áður; að það er hægt að vísa þér úr keppni samdægurs. Eftir að hafa komist upp úr undanriðlinum er samt ekki víst að þú fái að taka þátt á úrslitakvöldinu.⁶⁸ Með banni Hollands stuttu fyrir lokakvöld má velta fyrir sér hvort að Ísrael sé yfir öðrum þjóðum hafin í augum EBU, þar sem þau eru tilbúin að banna Rússlandi að taka þátt vegna innrásar þeirra og Hollandi fyrir meinta hegðun teymis þeirra í höllinni, á meðan Ísrael virðist vera undir einhverjum verndarvæng.

Til að bregðast við hörðum mótmælum í Malmö voru lagðar harðari áherslur á fánareglum í höllinni en í keppninni 2024 var tekið fram að einungis fánar þátttökuþjóða og regnbogafáninn mættu vera í höllinni. Með þessu gátu þau meinað inngöngu þeirra sem báru fána Palestínu í höllina og ef einhver skyldi hafa sloppið inn og byrjað að veifa, væri þeim hinum sama vísað á dyr. Einnig kom upp sú staða samkvæmt reglugerðum að einungis regnbogafáninn er leyfður en það þýðir að aðrir hinseginfánar voru ekki leyfðir. Þegar

⁶⁶ Ruxandra Tudor, „Portugal’s Broadcaster Accuses EBU of Discrimination for Not Posting Iolanda’s Performance over Palestinian-Inspired Nail Art,” *wiwibloggs*, 13. Maí 2024, sótt 21. Maí 2025 á <https://wiwibloggs.com/2024/05/13/portugals-broadcaster-accuses-ebu-of-discrimination-for-not-posting-iolandas-performance-over-palestinian-inspired-nail-art/281703/>.

⁶⁷ „Anti-Booing Technology Used in Reality Show Singing Contest,” *ABC News*, 20. Maí 2015, sótt 21. Maí 2025 á <https://abcnews.go.com/International/eurovision-song-contest-install-anti-booing-technology-protect/story?id=31178973>.

⁶⁸ Mark Savage, „Joost Klein: Disqualified Eurovision Singer Will Not Face Charges,” *BBC News* 12. Ágúst 2024, sótt 21. Maí 2025 <https://www.bbc.com/news/articles/cdjw12e73wo>.

lokakvöldið fór af stað byrjaði fánaganga keppenda þar sem hver og einn keppandi kom á svið og veifaði sínum fánum. Stundum ákveða keppendur að veifa fleiri en bara sínum þjóðfánum og í tilviki fulltrúa Sviss, Nemo, fór hán á svið með fána kynsegin fólks og veifaði honum. Með nýjum reglum þurfti Nemo hinsvegar að smygla fánanum í höllina og fela þar til hán væri komið upp á svið, annars hefði fáninn verið tekinn.⁶⁹

Eftir reynslu sína árið 2024 má sjá nokkrar breytingar á keppninni árið 2025. Reglur um fána hafa verið hertar og í tilfelli nýlegrar keppni voru allir fánar leyfðir í áhorfendasal á meðan keppendur máttu einungis sýna þjóðfána þeirrar þjóðar sem þau keppa fyrir.⁷⁰ EBU var hinsvegar enn að koma í veg fyrir allar tilraunir til að gagnrýna Ísrael. Eftir að spænsku þular keppinnar 2025, Julia Varela og Tony Aguilar töluðu um ástand Gaza þegar Ísrael var að stíga á svið, lagði EBU fram viðvörun að ef þau skyldu gera slíkt aftur á úrslitakvöldinu myndi sjónvarpsstöð þeirra, RTVE fá sekt.⁷¹ RTVE hefur einnig dregið þátttöku sína í efa fyrir næsta ár eftir grunsamlegar niðursstöður úrslitakvölds árið 2025.

Þegar komið var að því að krýna sigurvegara Eurovision 2025 reyndist Ísrael fá flest atkvæði í símakosningu. Eins og stendur hafa sex sjónvarpsstöðvar krafist þess að skoðað verði hvernig það hefur átt sér stað að Ísrael hafi fengið svona mörg stig miðað við móttökur lags og þjóðar þar sem grunur væri um kosningasvindl að hálfu Ísraels⁷² Einnig hefur forsætisráðherra Spánar, Pedro Sánchez, krafist þess að Ísrael verði bannað þátttöku í Eurovision rétt eins og var gert með Rússland.⁷³

Þegar þessi ritgerð er skrifuð er Eurovision keppnin árið 2025 nýafstaðin, því er óljóst hvað gerist að ári, en miðað við fyrstu viðbrögð eftir lokakvöld keppinnar 2025 má spyrja sig hvort að loks sé komið að því að íhuga bann Ísraels í Eurovision, þó kemur sú umræða ekki vegna aðgerða þeirra á Gaza svæðinu, heldur frá grunsamlegum úrslitum þeirra í keppninni sjálfri.

⁶⁹ Marcus Wratten, „Eurovision Winner Says Non-Binary Flag Wasn't Allowed in Arena,” *PinkNews*, 13. Maí 2024, sótt 21. Maí 2025 á <https://www.thepinknews.com/2024/05/13/eurovision-winner-nemo-non-binary-flag-double-standard/>.

⁷⁰ James Stephenson, „🇪🇺 Eurovision 2025: New Flag Rules for Fans and Artists - Eurovoix,” *Eurovoix*, 25. Apríl 2025, sótt 21. Maí 2025 á <https://eurovoix.com/2025/04/25/eurovision-2025-new-flag-rules-for-fans-and-artists/>.

⁷¹ James Stephenson, „🇪🇸 Spain: EBU Asks RTVE Commentators Not to Mention Gaza Conflict - Eurovoix,” *Eurovoix*, 17. Maí 2025, sótt 21. Maí 2025 á <https://eurovoix.com/2025/05/17/spain-ebu-asks-rtve-commentators-not-to-mention-gaza-conflict/>.

⁷² Ian Youngs, „Eurovision: Israel's Result Prompts Questions over Voting,” *BBC News*, 21. Maí 2025, sótt 21. Maí 2025 á <https://www.bbc.com/news/articles/ckg77pxj2mno>.

⁷³ Guy Hedgecoe, „Eurovision: Spanish PM Pedro Sánchez Calls for Israel to Be Banned,” *BBC News*, 19. Maí 2025, sótt 21. Maí 2025 á <https://www.bbc.com/news/articles/cn7zx836v6do>.

Lokaorð

Þegar horft er yfir Eurovision sögu Ísraels og skoðuð eru framlög þeirra má sjá að undirliggjandi forsenda þeirra sé ekki bara að vera með í keppninni, heldur enn frekar er Ísrael að nýta sér þátttökurétt sinn til að ýta undir yfirborðskennda ímynd sína og dreifa athygli fólks frá þeim hörmungum sem þau fremja gegn Palestínufólki. Það er í raun hægt að segja að bara með því að taka þátt í Eurovision er Ísrael að stunda bleikþvott þar sem orðspor keppinnar er hversu vinsæl hún er meðal hinsegin fólks. Við getum þó spurt okkur hvort að sú gríma sé mögulega fallin eftir að ljóst var að Nemo þurfti að smygla fána í höllina og eftir að hafa bannað keppendum að veifa regnbogafánnum árið 2025.

Hugmyndin um að Eurovision sé ópólitísk keppni er falleg en fölsk, þar sem að með því að taka enga afstöðu ertu að taka skýra afstöðu. Með skjótum og grunsamlegum vinsældum Ísraelskra framlaga í keppninni síðustu ár, ásamt ákalli til brottvísunar Ísraels í Eurovision, má spyrja hvers vegna EBU er svona staðfast á því að Ísrael eigi ekki að vera vikið úr keppni. En hver veit, kannski eru augu EBU loksins að opnast fyrir þeim blákalda raunveruleika að þátttaka Ísraels spornar við óorði á keppnina í heild sinni, rétt eins og formleg ástæða fyrir banni Rússlands. Eða er þetta kannski byrjunin á endalokum Eurovision? Er þrjóska EBU þegar kemur að þátttöku Ísraels að gera það að verkum að áhugi fyrir keppninni fer dvínandi ár eftir ár því meira sem við sjáum spillinguna á bakvið hana? Eins og staðan er núna má segja að Eurovision sé hægt og rólega að taka grímuna niður og þá er spurningin, hvað leynist á bakvið hana?

Heimildaskrá

2000ESC2003. „Eurovision 2000 01 Israel *PingPong* *Sameyakh* 16:9.” YouTube, 16. Júlí 2009. <https://www.youtube.com/watch?v=3uNfhj66GOo>.

Alghoul, Diana. „Netta Politicised Her Own Victory and Whitewashed Israel’s Occupation.” *The New Arab*, 2018. Sótt 20. Maí 2025 á <https://www.newarab.com/opinion/netta-politicised-her-own-victory-and-whitewashed-israels-occupation>.

Baker, Catherine. „The ‘Gay Olympics’? The Eurovision Song Contest and the Politics of LGBT/European Belonging.” *European Journal of International Relations* 24. Júlí 2016: 97–121. Sótt 1. Apríl 2025 á <https://doi.org/10.1177/1354066116633278>.

Barlow, Eve. „Viva La Diva! How Eurovision’s Dana International Made Trans Identity Mainstream.” *the Guardian*, 10. Maí 2018. Sótt 16. Maí 2025 á <https://www.theguardian.com/music/2018/may/10/viva-la-diva-how-eurovisions-dana-international-made-trans-identity-mainstream>.

Bowers, Shauna. „Eurovision: Bambie Thug Was Asked to Remove Pro-Palestinian Ogham Writing for Performance.” *The Irish Times*, 8. Maí 2024. Sótt 21. Maí 2025 á <https://www.irishtimes.com/culture/music/2024/05/08/eurovision-bambie-thug-was-asked-to-remove-pro-palestinian-ogham-writing-for-performance/>.

Cabral, Thomas, og Delphine Matthieussent. „Netta Barzilai Is the Voice of #MeToo at Eurovision.” *Times of israel*, 2018. Sótt 10. Maí 2025 á <https://www.timesofisrael.com/netta-barzilai-is-the-voice-of-metoo-at-eurovision/>.

Creative Tweaking - BiBi Kvachadze's Music Channel. „We Don’t Wanna Put in - Eurovision Song Contest 2009.” *YouTube*, 12. September 2009. <https://www.youtube.com/watch?v=5P6-7Rw4xug>.

Dabbous, Rayyan. „In Gaza, a Photo of Israeli Soldier Raising a Pride Flag ‘in the Name of Love’ Goes Viral, ‘Pinkwashing’ a War.” *The Conversation*, 26. Nóvember 2023. Sótt 4. Maí 2025 á <https://theconversation.com/in-gaza-a-photo-of-israeli->

[soldier-raising-a-pride-flag-in-the-name-of-love-goes-viral-pinkwashing-a-war-218322.](#)

Dana International, „Diva,“ tekið upp 1998, CNR Music, smáskífa.

Doyle, Siobhán. „8 Eurovision Controversies You Probably Didn't Know About.” *RTE.ie*, 13. Maí 2025. Sótt 15. Maí 2025 á <https://www.rte.ie/brainstorm/2025/0513/1295914-eurovision-controversies-israel-jordan-pingpong-maneskin-dana-international-conchita-wurst-cliff-richard/>

E. höfundur, „Anti-Booing Technology Used in Reality Show Singing Contest.” *ABC News*, 20. Maí 2015. Sótt 21. Maí 2025 á [https://abcnews.go.com/International/eurovision-song-contest-install-anti-booing-technology-protect/story?id=31178973.](https://abcnews.go.com/International/eurovision-song-contest-install-anti-booing-technology-protect/story?id=31178973)

E. höfundur, „Bashar segist hafa lesið nær öll ummælin sem skrifuð hafa verið um hann“ *DV*, 8. Mars 2024, sótt 19 Maí 2025 á <https://www.dv.is/fokus/2024/03/08/bashar-segist-hafa-lesid-naer-oll-ummaelin-sem-skrifud-hafa-verid-um-hann/>.

E. höfundur, „DAS LANGE WARTEN AUF DIE AUFARBEITUNG.” 2024. Sótt 15. Apríl 2025 á [https://www.boeckler.de/de/magazin-mitbestimmung-2744-das-lange-warten-auf-die-aufarbeitung-58831.htm.](https://www.boeckler.de/de/magazin-mitbestimmung-2744-das-lange-warten-auf-die-aufarbeitung-58831.htm)

E. höfundur, „EBU Statement Regarding the Participation of Russia in the Eurovision Song Contest 2022.” *Eurovision.tv*, 25. Febrúar 2022. Sótt 18. Maí 2025 á [https://eurovision.tv/mediacentre/release/ebu-statement-russia-2022.](https://eurovision.tv/mediacentre/release/ebu-statement-russia-2022)

E. höfundur, „Mun Netta Frá Ísrael Rústa Eurovision?” *mbl.is*, 15. Apríl 2018. Sótt 20. Maí 2025 á https://www.mbl.is/folk/frettir/2018/04/15/mun_netta_fra_israel_rusta_eurovision/.

ESC:56-73. „ESC 1957 09 - Denmark - Birthe Wilke & Gustav Winckler - Skibet Skal Sejle I Nat.” *YouTube*, 21. Nóvember 2009. [https://www.youtube.com/watch?v=vX3WRMF5TuY.](https://www.youtube.com/watch?v=vX3WRMF5TuY)

Eurofansradio.com. „Tonight: Israel Decides for Eurovision 2024 with the Final of HaKokhav HaBa,” 2024. Sótt 16. Maí 2025 á

<https://www.eurofansradio.com/eurovision-news/eurovision-2024/tonight-israel-decides-for-eurovision-2024-with-the-final-of>.

Eurovision Song Contest. „About the Eurovision Song Contest.” *Eurovision.tv*, 2. Febrúar 2021. Sótt 10. Maí 2025 á <https://eurovision.tv/mediacentre/faq-about-the-esc>.

Eurovision Song Contest. „Jerusalem 1979,” 2025. <https://eurovision.tv/event/jerusalem-1979>.

Eurovision Song Contest. „LIVE - Jamala - 1944 (Ukraine) at the Grand Final of the 2016 Eurovision Song Contest.” *YouTube*, 14. Maí 2016, <https://www.youtube.com/watch?v=B-rnM-MwRHY>.

Eurovision.tv. „Lugano 1956,” engin dagssetning. <https://eurovision.tv/event/lugano-1956>.

Eurovoix. „ Israel: KAN Confirms Israel Will Withdraw from Eurovision 2024 If Their Song Is Banned - Eurovoix,” 21. Febrúar 2024. Sótt 20. Maí 2025 á <https://eurovoix.com/2024/02/21/kan-will-withdraw-from-eurovision-2024-if-their-song-is-rejected/>.

Gillispie, Branson. 2024. „‘We Don’t Wanna Put In:’ a Case Study of Georgia at the 2009 Eurovision Song Contest.” *Yale Journal of International Affairs*. 23. Maí 2024. Sótt 20. Apríl 2025 á <https://www.yalejournal.org/publications/we-dont-wanna-put-in>.

Goldenberg, Suzanne. „Outraged Israel Disowns Daring Eurovision Entry.” *the Guardian*, 12. Maí 2000. Sótt 16. Maí 2025 á <https://www.theguardian.com/world/2000/may/12/israel>.

Izhar Cohen, „A-Ba-Ni-Bi,” tekið upp 1978, Polydor, smáskífa

Hedgecoe, Guy. „Eurovision: Spanish PM Pedro Sánchez Calls for Israel to Be Banned.” *BBC News*, 19. Maí 2025. Sótt 21. Maí 2025 á <https://www.bbc.com/news/articles/cn7zx836v6do>.

Jamala, „1944,” tekið upp í mars 2016, Enjoy, Stuttskífa.

Jean-Claude Pascal, „Nous les amoureux,“ tekið upp 1961, La Voix de son maître, smáskífa.

Jones, Andrew. „Eurovision Song Contest Stars Reject Calls for Israel Boycott.” NBC News, 29. Mars 2024. Sótt 19. Maí 2025 á <https://www.nbcnews.com/news/world/eurovision-song-contest-israel-hamas-war-gaza-artists-malmo-rcna145584>.

Luukela, Sami. „Eurovision 2021 Participant Profiles to Include Pronouns.” ESCXTRA.com, 27. Mars 2021. Sótt 15. Apríl 2025 á <https://escextra.com/2021/03/27/eurovision-2021-participant-profiles-to-include-pronouns/>.

Masarwa, Lubna. „Israeli Soldier Flying Rainbow Flag in Gaza ‘Textbook Pinkwashing.’” Middle East Eye, 13. Nóvember 2023. Sótt 4. Maí 2025 á <https://www.middleeasteye.net/news/israel-palestine-war-soldier-rainbow-flag-gaza-condemned-pinkwashing-textbook>.

Milk & Honey, „Hallelujah,“ tekið upp 1979, Polydor, smáskífa.

Netta, „Toy,“ tekið upp í mars 2018, Tedy Productions, smáskífa.

Puar, Jasbir. „Israel’s Gay Propaganda War.” *The Guardian*, 1. Júlí 2010 Sótt 10. Maí 2025 á <https://www.theguardian.com/commentisfree/2010/jul/01/israels-gay-propaganda-war>.

Puar, Jasbir K. *Terrorist Assemblages: Homonationalism in Queer Times*. Durham: Duke University Press, 2007.

Quitpalestine.org. „World Pride – QUIT!,” 2025. <https://quitpalestine.org/world-pride/>.

Páll Óskar, „Minn hinsti dans,“ tekið upp 1997, Alda Music, smáskífa.

Savage, Mark. „Eurovision: Russia Can Compete despite Invasion of Ukraine.” *BBC News*, 24. Febrúar 2022. Sótt 20. Maí 2025 á <https://www.bbc.com/news/entertainment-arts-60514388>.

Savage, Mark. "Joost Klein: Disqualified Eurovision Singer Will Not Face Charges." *BBC News*, 12. Ágúst 2024. Sótt 21. Maí 2025 á <https://www.bbc.com/news/articles/cdjwdl2e73wo>.

Smith, David. „Israel at Eurovision 2024: EBU Statement Confirms KAN Will Not Be Banned from Song Contest.” *wiwibloggs*, 18. Janúar 2024. Sótt 20. Maí 2025 á <https://wiwibloggs.com/2024/01/18/israel-at-eurovision-2024-ebu-statement-confirms-kan-will-not-be-banned-from-song-contest/279244/>.

Stephane & 3G, „We Don’t Wanna Put In,” tekið upp 2009. TBC TV, Stuttskífa.

Stephenson, James. „ Eurovision 2025: New Flag Rules for Fans and Artists - Eurovoix.” *Eurovoix*, 25. Apríl 2025. Sótt 21. Maí 2025 á <https://eurovoix.com/2025/04/25/eurovision-2025-new-flag-rules-for-fans-and-artists/>.

Stephenson, James. „ Spain: EBU Asks RTVE Commentators Not to Mention Gaza Conflict - Eurovoix.” *Eurovoix*, 17. Maí 2025. Sótt 21. Maí 2025 á <https://eurovoix.com/2025/05/17/spain-ebu-asks-rtve-commentators-not-to-mention-gaza-conflict/>.

„The End of a Decade: Riga 2003.” *Eurovision Song Contest*, 24. Desember 2009. <https://eurovision.tv/story/the-end-of-a-decade-riga-2003>.

„Timeline: Israel’s Attacks on Gaza since 2005.” *Al Jazeera*, 7. Ágúst 2022. Sótt 10. Maí 2025 á <https://www.aljazeera.com/news/2022/8/7/timeline-israels-attacks-on-gaza-since-2005>.

Tourist Israel. „Why Tel Aviv Is the Ultimate LGBTQ Travel Destination,” 16. Maí 2019. <https://www.touristisrael.com/why-tel-aviv-is-the-ultimate-lgbtq-travel-destination/26062/>.

Tudor, Ruxandra. „Portugal’s Broadcaster Accuses EBU of Discrimination for Not Posting Iolanda’s Performance over Palestinian-Inspired Nail Art.” *wiwibloggs*, 13. Maí 2024. Sótt 21. Maí 2025 á <https://wiwibloggs.com/2024/05/13/portugals->

[broadcaster-accuses-ebu-of-discrimination-for-not-posting-iolandas-performance-over-palestinian-inspired-nail-art/281703/](https://www.theguardian.com/world/2016/feb/11/crimean-singer-in-line-to-represent-ukraine-at-eurovision).

Veselova, Viktoria, and Oleksandra Melnykova. „Crimean Singer in Line to Represent Ukraine at Eurovision.” *The Guardian*, 11. Febrúar 2016, Sótt 21. Maí 2025 á World news. <https://www.theguardian.com/world/2016/feb/11/crimean-singer-in-line-to-represent-ukraine-at-eurovision>.

Walter Andreas Schwarz, „I’m Wartesaal zum großen Glück, “ tekið upp 1956, Ariola, smáskífa

Wratten, Marcus. „Eurovision Winner Says Non-Binary Flag Wasn’t Allowed in Arena.” PinkNews | Latest lesbian, gay, bi and trans news | LGBTQ+ news, 13. Maí 2024. Sótt 21. Maí 2025 á <https://www.thepinknews.com/2024/05/13/eurovision-winner-nemo-non-binary-flag-double-standard/>.

West, Chris. „Why Is Israel Still in Eurovision? The Answer Is More Complex than You Might Think.” *the Guardian*. *The Guardian*, 16. Maí 2025. Sótt 20. Maí 2025 á <https://www.theguardian.com/commentisfree/2025/may/16/israel-eurovision-gaza-european-broadcasting-union>.

Youngs, Ian. „Eurovision: Israel’s Result Prompts Questions over Voting.” *BBC News*, 21. Maí, 2025. Sótt 21. Maí 2025 á <https://www.bbc.com/news/articles/ckg77pxj2mno>.